



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 29. janúar 2026

MSS26010082

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögur borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um aðgerðir til að bregðast við fáliðun í leikskólum Reykjavíkurborgar

Borgarstjórn hefur vísað tveimur tillögum til meðferðar skóla- og frístundaráðs sem snúa annars vegar að samstarfi við menntastofnanir um fjölgun leikskólastarfsfólks og hins vegar að því að efla möguleika á vinnu með námi.

Tillögurnar eru eftirfarandi:

Samstarf við menntastofnanir um fjölgun leikskólastarfsfólks – Reykjavíkurborg óski eftir samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS), Háskólann á Akureyri og framhaldsskóla sem bjóða upp á nám til leikskólaliða, með það að markmiði að fjölga leikskólastarfsfólki.

Samtal við menntastofnanir um vinnu með námi – Reykjavíkurborg hefji formlegt samtal við framangreinda skóla um hvernig borgin geti stuðlað að fjölgun nema, m.a. með því að skipuleggja nám þannig að nemendur geti samhliða námi starfað í hlutastarfi í leikskólum borgarinnar.

Núverandi samstarf við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS) á í dag virkt og formlegt samstarf við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS), byggt á samstarfssamningi sem gildir fyrir tímabilið 2025–2028. Samningurinn er þriðja endurnýjun samstarfs sem hófst árið 2019.

Samstarfið tekur m.a. til:

- tengingar vettvangsnáms nemenda við leikskóla og aðrar starfsstöðvar SFS,
- samstarfs um starfsþróun, rannsóknir og nýsköpun í samræmi við Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“,
- reglulegs samtals um þróun námsfyrirkomulags þannig að það styðji við nemendur sem eru í starfi,
- aðkomu sérfræðinga á vegum SFS að kennslu í áföngum á MVS, hvort sem er eitt innlegg eða aðstoð við kennslu heila önn,
- aðgengi nemenda á MVS að náms- og kennslugögnum í Búnaðarbanka SFS til notkunar í tímum og vettvangsnámi,
- sameiginlegar verkefnastjórnar og aðgerðaráætlana sem tryggja eftirfylgni.



Reykjavík



Að mati sérfræðinga innan skóla- og frístundasviðs er stór hluti nema í leikskólakennarafræðum við MVS í vinnu samhliða námi. Námið er að verulegu leyti hannað með það í huga að hægt sé að samþætta nám og starf í leikskóla.

Reglulega eru haldnar kynningar fyrir starfsfólk leikskóla og annars starfsfólks SFS á námi við MVS og þeim námsleyfum sem í boði eru. Námsleyfi skipta sköpum í þessu samhengi, en árlega eru um 100 starfsmenn leikskóla Reykjavíkur í námsleyfi.

Samstarf við aðrar menntastofnanir – staða

Í dag er ekki til staðar formlegt samstarf eða samningur við:

- Mími – símenntun,
- Borgarholtsskóla,
- eða aðra framhaldsskóla sem bjóða upp á nám til leikskólaliða.

Mímir býður upp á námskeið sem tengjast leikskólastarfi, en samstarf Reykjavíkurborgar við Mími hefur ekki verið formgert þó að dæmi séu um að sérfræðingar á vegum skóla- og frístundasviðs hafi komið að kennslu á þessum námskeiðum, m.a. upplýsingatækni í leikskólastarfi. Þá liggur ekki fyrir formlegt samstarf við framhaldsskóla um leikskólaliðanámið, þrátt fyrir að slíkir skólar séu mikilvægur hlekkur í að fjölga starfsfólki í leikskólum til lengri tíma.

Vinna með námi og vettvangsnám

Varðandi vinnu með námi má segja að þegar sé töluverð reynsla og þekking innan SFS, sérstaklega í tengslum við MVS. Samt sem áður eru tækifæri til að styrkja umgjörðina enn frekar þar sem áhersla yrði á:

- mikilvægi þess að skoða nánar fjölda nema á lokaári í kennslufræðum sem fara í launað starfsnám í leikskólum,
- að kanna hversu margir leikskólar í Reykjavík taka á móti slíkum nemum og hvort svigrúm sé til fjölgunar,
- að meta hvort hægt sé að styrkja betur stöðu og stuðning við leiðsagnarkennara sem taka á móti nemum í starfsnámi.

Slíkt mat gæti orðið grundvöllur markvissari stefnu um vinnu með námi og stuðlað að aukinni nýliðun í leikskólum borgarinnar.





Sumarstarfsfólk vinnuskólans í leikskólum

Einnig kom fram tillaga um að fjölga sumarstarfsfólki vinnuskólans í leikskólum sem vísað var til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Markmið tillögunnar er að kynna fleiri ungmenni fyrir leikskólum sem ögulegum starfsstað til framtíðar.

Skóla- og frístundasvið tekur jákvætt í þá tillögu og getur komið að framkvæmd og faglegri umgjörð slíks verkefnis en ákvörðun um fjármögnun og útfærslu þyrfti að taka í hjá umhverfis- og skipulagssviði.

Þá er einnig mikilvægt að benda á að í mörg ár voru sérstök sumarstörf í leikskólum eða um 60 störf. Þarna var um að ræða afar mikilvægt verkefni sem sneri m.a. að því að kynna störf í leikskólum fyrir ungu fólki. Í tenglum við það voru haldin sérstök námskeið í tengslum við fyrir sumarstarfsfólk í leikskólum, þar sem starfshættir leikskóla og nám tengt leikskólastarfi voru kynnt. Reynslan sýndi að ungt fólk sýndi því mikinn áhuga að gera starf í leikskóla að sínu framtíðarstarfi.

Samantekt og möguleg næstu skref

Samantekið má segja að Reykjavíkurborg hafi þegar sterkt og markvisst samstarf við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem styður við fjölgun leikskólakennara og vinnu með námi. Hins vegar eru tækifæri til úrbóta, einkum hvað varðar:

- formlegt samstarf við aðila sem sinna námi leikskólaliða (Mími, framhaldsskólar),
- endurmat á kynningum á leikskólastörfum fyrir ungmenni,
- skýrari stefnu um móttöku nema í launuðu starfsnámi og stuðning við leiðsagnarkennara,
- koma á sumarstörfum í leikskólum fyrir 16-20 ára.
- samstarf við USK um fjölgun sumarstarfsfólks í leikskólum.

Möguleg næstu skref væru að hefja markvisst samtal við framangreinda aðila, kortleggja núverandi stöðu nánar og leggja í framhaldi fram tillögur um hvort og hvernig eigi að þróa þessi mál áfram.

